

Umhverfisráðsfundur 6.10.2016

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Agnes Finnsdóttir, leiðbeinandi (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Sara Björnsdóttir, þroskaþjálfari (Álfasteinn), Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Día Björk Birgisdóttir, leiðbeinandi (Brikiból) og Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari (Lundur).



Fjarverandi:

Fundur hófst kl 8:30

Dagskrá fundar:

- 1) Fundagerð síðasta fundar lesin.
- 2) Moltutunnur tæmdar! 4 stk. ósamsettar inni í Skiphól. Passa að það verði festingar á öllum hliðum þegar þær verða settar saman. Anna Borg á aukafestingar. Allt í lagi með ryðgaðar festingar. Festingarnar eru geymdar í grænni fötu inni í Skiphól. Það eru til nýjar festingar hjá Önnu Borg.
- 3) Moltutunnur.
Moltutunna 1: **Mjög blaut, þarf að fá laufblöð einu sinni í viku og hræra**
Moltutunna 2: Ósamsett í Skiphól
Moltutunna 3: Í notkun - Tröllagil og Birkiból nota þessa, vera duglegar við að bæta á laufi
Moltutunna 4: Ósamsett í Skiphól
Moltutunna 5: Ósamsett í Skiphól
Moltutunna 6: **Að verða full**
Moltutunna 7: Ósamsett í Skiphól
Moltutunna Lundur: **Tæmd í ágúst, komin aftur af stað**
Moltukassar inni: í gangi.
Muna að hræra í öllum moltutunnum. Sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnum.
- 4) Tína laufblöð um leið og tækifæri gefast. Hengja þau upp til þerris inni í Skiphól, það eiga að vera til alveg næg net til þess að setja þau í. Netin koma úr eldhúsi.
- 5) Fara yfir tunnur fyrir hvern fund. Hverjir gerað það næst? **Día og Agnes**
- 6) Átaksvikum í lífrænu sorpi lokið. Um að gera að taka niður merkin inni á deildunum.
- 7) Átaksvikur í pappírnotkun hafmar. Rifja upp fyrir starfsfólki stefnuna. Allar deildar þurfa að hengja upp ný spjöld fyrir þennan mánuðinn.
- 8) Vera hvatamenn fyrir því að börnin séu að taka þátt í umhverfisstefnunni og skipuleggja það. Nota undirbúningstíma. Muna eftir að nota stimplana. Hvernig gengur þessi vinna? Allar deildar þurfa að efla sig í stimplunum, setja upp lista fyrir deildarnar þannig að öll börn taki þátt í umhverfisstefnunni. Lesa bækur eins og Ruslaskrímlið.
- 9) Er mikið um bleiur? Bleiur beint í tunnur!! Það þarf ekki að nota poka það ætti að vera hægt að fara út í tunnu með þær einu sinni til tvisvar á dag. Nota samt bréfpokana úr eldhúsi þegar það býðst.
- 10) Passa uppá hitakompuna fyrir blaut föt í fataklefa Álfasteins og Tröllagils. Lækka hita á föstudegi og passa að hitinn **sé ekki í botni** í þurrum veðrum.
- 11) Vera meðvitaðar um rafmagnsnotkunina, farið að dimma. Allir þurfa að vera meðvitaðir um að láta ekki ljós loga inni í mannlásum herbergjum. Einnig þurfum við að vera duglegar að minna hver aðra á að slökkva ljósin ef að þau eru að loga að óþörfu. **Tala við börnin um „Slökkviliðsmennina“, af hverju eru þeir fyrir ofan rofana??**

- 12) Önnur mál – farið var yfir fundagerð umhverfisráðs barna. Rætt var um kveikjara inni á deildunum, hvort að ekki væri hægt að nota heldur eldspýtur, eða í það minnsta að vera með kveikjara sem hægt er að fylla á.

Næsti fundur verður 10. nóv. kl: 8:30, muna að taka dagbókina með!!

Fundi lokið: 09:05

Ritari fundarins: Sara Björnsdóttir